

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 28. apríl 2014

1404252HA VRH

Málalykill: 613

Efni: Umsögn um umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016, 495. mál.

Hafnasambandi Íslands hefur borist erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2014, þar sem óskað er umsagnar hafnasambandsins á tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013—2016, 495. mál. Umsögn Hafnasambands Íslands er eftirfarandi:

Um nokkra hríð hefur legið fyrir frumvarp til breytinga á hafnalögum þar sem þungamiðja þess frumvarps eru breytt ákvæði varðandi framlög ríkisins til hafnaframkvæmda. Ekki verður séð að í framlagðri þingsályktun sé tekið tillit til þeirra breytinga sem þar er gert ráð fyrir. Hafnasamband Íslands leggur þunga áherslu á að frumvarp til hafnalaga verði afgreitt á yfirstandandi þingi og að samgönguáætlun taki mið af þeim ákvæðum sem þar er að finna með auknum framlögum til framkvæmda í höfnum. Minnt er á mikilvægi hafna sem hluta af innviðum samgöngukerfisins og þau verkefni sem fyrir liggja í höfnum, einkum viðhaldsverkefni, sem eru forsenda tryggjar aðstöðu skipa og starfsemi í höfnunum. Hafnasambandið skorar á Alþingi að stíga nú þegar nauðsynleg skref til þess að styrkja þessa mikilvægu innviði samfélagsins, einkum á landsbyggðinni, með breytingu á hafnalögum og auknum framlögum til framkvæmda.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason
formaður Hafnasambands Íslands